

Tillaga til 426. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. nóvember 2018

Tillaga bæjarstjóra

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar leggur fram eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að fækka fundum bæjarstjórnar, þannig að fundir bæjarstjórnar verði haldnir reglulega 1. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki beri upp á almennan frídag en að eftir sem áður skuli haldnir aukafundir m.t.t þarfa að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefjist þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Samhliða fækkun funda verði skipulags- og mannvirkjanefnd veittar auknar heimildir til fullnaðar afgreiðslu mála. Bæjarstjóra er falið að gera viðeigandi breytingar á samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og erindisbréfi skipulags- og mannvirkjanefndar og leggja fram til samþykktar á bæjarstjórnarfundi.

Greinargerð:

Nokkrar tölulegar staðreyndir um bæjarstjórnarfundi 2017-2018. Meðalfjöldi funda og áætlaðra funda er 18,5 sem stóð að meðaltali yfir í 1 klst. og 17 mínútur. Meðaltals fjöldi mála á hverjum bæjarstjórnarfundi er 15,5 þar af er hlutfall mála sem vísað er frá skipulags- og mannvirkjanefnd um 18% og hlutfall fundargerða um 40%. Til samanburðar má geta að meðaltími funda 2013 var 1 klukkustund og 59 mínútur, 2012 2 klst. og 48 mínútur og árin 2010 og 2011 3 klukkustundir og 10 mínútur. Ástæður fyrir styttri fundum eru örugglega fjölmargar, en ætla má að betur undirbúnir fundir, betra skipulag, betri fundarstjórn, betur upplýstir fundarmenn og betra samstarf bæjarfulltrúa spili inn í.

Hægt er að fækka málum hjá bæjarstjórnar umtalsvert með því að veita skipulags- mannvirkjanefnd auknar heimildir til fullnaðarafgreiðslu mála með vísan til sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga og mannvirkjalaga.

Í 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar kemur fram að bæjarstjórn skuli halda reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag og að fundirnir skuli ekki standa lengur en í þrjár klukkustundir. Samkvæmt samþykktum Skagafjarðar, Borgarbyggðar, Hafnar í Hornafirði, Grindvíkur, Norðurlþings, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð er haldinn einn bæjarstjórnarfundur í mánuði. Í Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð eru haldnir tveir fundir í mánuði. Aðeins voru þessi sveitarfélög skoðuð, þ.e.a.s. þau sveitarfélög sem undirrituð skoðar oftast til viðmiðunar enda sveitarfélög að svipaðri stærð og flest með svipaða innviði.

Lagt er til að fundum bæjarstjórnar verði fækkað, þannig haldinn verði einn bæjarstjórnarfundur í mánuði Breyta þyrfti bæjarmálasamþykktum Ísafjarðarbæjar til samræmis.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna bæjarstjórnar er áætlaður 17,4 m.kr. árið 2019 og er miðað við að haldnir verði 18 fundir. Með því að fækka fundum bæjarstjórnar í einn í mánuði, að

undanskildu sumarleyfi, þannig að haldnir verði 10 fundir, er hægt að lækka kostnað vegna bæjarstjórnar um um allt að 7,5 m.kr. á ári eða 30 m.kr. á kjörtímabilinu. Enn fremur, og ekki síður, myndi vinna við undirbúning og frágang bæjarstjórnarfunda fækka vinnustundum skjalastjóra, upplýsingafulltrúa, bæjarritara og bæjarstjóra.